

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Klausturbleikja ehf	01.12.20	Teygingalæk	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
660290-1849	01.09.28	Já	Landeldi, allt að 90 tonn á ári.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Framleiðsla og afföll voru innan við 90 tonn bæði 2018 og 2019.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Plata var steipt við slárunarker með ristum og niðurfalli sem liggur að frárennslisskurði. Slyasleppingagrindur voru settar upp í sumar.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Skráningar eru á fjölda affalla, og fóðurnotkun. Samanlagt magn framleiðslu og affalla kemur fram í grænu bókhaldi. Kallað hefur verið eftir upplýsingum um aðskilið magn þar sem þær upplýsingar voru ekki aðgengilegar í eftirlitinu. Aðrar skráningar voru einnig ekki aðgengilegar í eftirlitinu sjálfu.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ársyfirlitum 2018 og 2019 var ekki skilað aðskildu frá grænu bókhaldi og grænt bókhald uppfyllti ekki kröfur um skil ársyfirlits, þrátt fyrir frávík sama efnis í eftirliti 2018. Nánari upplýsingar um hvaða upplýsingar skulu vera í ársyfirliti hafa verið sendar rekstraraðila í tölvupósti.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			Grænu bókhaldi 2018 var skilað 16.4 2019 og grænu bókhaldi 2019 var skilað 30. apríl sl. Ekki er gerð krafa um skil útstreymisbókhalds.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna	X			Viðbragðsáætlanir hanga uppi á starfstöð.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	Á ekki við.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Í lagi.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið liggja fyrir. Eftirlitsaðili hvetur rekstraraðila þó til að skoða hvort ástæða sé til að uppfæra þau eða setja sér mælanleg markmið.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Fyllt er á klukkufóðrara 1x-2x í viku.
Er skráning á losun fósórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Seinast mælt í janúar 2019. Heildarinnihald fósórs og köfnunarefnis í því fóðri sem var notað var ekki reiknað eins og kveðið er á um í starfsleyfi.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Frárennslisskurður og settjörn litu vel út. Ekki varð vart við froðu, fisk í frárennslis eða neitt óeðlilegt. Örlítið botnfall var sjáanlegt í settjörn.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh.	X			Slyasleppingagrindur eru bæði fyrir og eftir settjörn. Frárennslis rennur um 25-50 metra frá útrás eftir skurði að S-laga settjörn. Eftir settjörn rennur

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Leið frárennslis frá keri að viðtaka.				frárennslid í lækjarfarvegi og sameinast öðrum læk áður en það rennur í Eldvatn í um 250 m fjarlægð frá kerjum.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Sjá hér að ofan.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Ekki er fylgst með vatnsgæðum í viðtaka.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Farið er með afföll/dauðfisk í kerjum og þau tekin af Íslenska Gámafélaginu og hann urðaður á Stjórnarsandi. Pappír, plast og tré fer í flokkun sveitafélagsins á Kirkjubæjarklaustri. Bretti eru notuð aftur eða fara t.d. í áramótabrennu björgunarsveitar.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Skv. starfsleyfi á að mæla COD og svifagnir í bæði frárennslis og viðtaka. Í janúar 2019 var mælt í frárennslis en ekki í viðtaka.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Niðurstöður mælinga í janúar 2019 bárust strax í kjölfarið og aftur með grænu bókhaldi. Vakin er athygli á því að skv. starfsleyfi skulu sýni vera tekin annað hvert ár að vetri til og niðurstöður sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. apríl sama vetur.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.	X			Sjá hér að ofan.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			2021. Rekstaraðili tekur sýnið og Sýni ehf. mælir.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fjögur frávik frá starfsleyfi komu fram við eftirlit 2018. Frá grein 2.4 þar sem losun fosfórs var yfir hámarksmörkum, frá greinum 3.5 og 3.6 er varða skilatíma ársskýrslu og græns bókhalds og frá gr.

Eftirlit með fiskeldisstöð Landeldi

<p>1.2 er varðar umfang starfseminnar. Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitiinu, varðandi skil á mæliniðurstöðum á losun niðurs og fosfórs í viðtaka, skráningu úrgangs og ráðstöfunar hans og uppsöfnunar sets í settjörn.</p>	
Samantekt:	<p>Landeldi í Skaftárhreppi sem elur bleikju. Fiskur er blóðgaður á staðnum og fluttur í vinnslu fyrirtækisins á Kirkjubæjarklaustri.</p> <p>Skráningar og ársyfirlit er ekki fullnægjandi. Frávik var skráð í eftirliti 2018 vegna ófullnægjandi ársyfirlits árið 2017, ársyfirlit 2018 og 2019 voru einnig ófullnægjandi þrátt fyrir leiðbeiningar veittar þess efnis eftir eftirlit 2018. Skráningar eru ófullnægjandi, sbr. kröfur í gr. 3.1 í starfsleyfi. Ábending var gerð í eftirliti 2018 sem snéri að skráningu á úrgangi og ráðstöfun hans. Magn úrgangs, gerð og ráðstöfun hans kemur ekki fram í grænu bókhaldi og ekki er ljóst hvort skráningar eru haldnar í samræmi við gr. 3.1 þar sem gögnin voru ekki aðgengileg í eftirlitiinu. Fóðurnýting og heildarinnihald köfnunarefnis og fosfórs í fóðri komu ekki fram í grænu bókhaldi, né var losun næringarefna uppreiknuð í kg/framleitt tonn. Óskað hefur verið eftir frekari upplýsingum í tölvupósti en frávik er skráð vegna skráninga.</p> <p>Rekstraraðili kaupir olíu á bíla og lyftara á brúsa á Kirkjubæjarlaustri og olíugeymir rekstraraðila á starfstöð var tómur og ekki í notkun. Eftirlitsaðili benti þó á að á meðan geymirinn væri á staðnum væri hægt að taka hann í notkun og því bæri að uppfylla kröfur reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi um mengunarvarnir. Rekstraraðili sendi þann 7. janúar sl. staðfestingu á því að búið væri að fjarlægja geyminn.</p> <p>Ábending er gerð vegna óþrifnaðar sem skapast vegna fyrirkomulags blóðgunar fisks og umgengni á lóð.</p>
Annað:	Sjá eftirlitsskýrslu.

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Klausturbleikja Skaftárhreppi.



Dags eftirlits	1.12.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Klausturbleikja	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Klausturvegi 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660290-1849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Anna Magdalena Buda	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	556946,066 598602,647

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komum fram við eftirliti og þrjár ábendingar eru gerðar.

Frávik vegna slátrunar sem var skráð í eftirliti ársins 2018 er í skoðun hjá stofnuninni og verður því fylgt eftir í aðskildu bréfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Umfang 2018, 2019 og það sem af er ári 2020 (framleiðsla og afföll)
- Umhverfismarkmið
- Skráningar og innra eftirlit sbr. gr. 3.1
 - o Ársskýrsla
 - o Grænt bókhald
- Tilkynningar og viðbragðs- og neyðaráætlanir
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Umgengni um mengandi efni
- Dauðfiskur
- Annar úrgangur
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð 884/2017

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 3.1 í starfsleyfi	Eftirlitsaðili skal halda skráningar og skulu þær vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Ábending var gerð vegna skráninga á úrgangi í eftirliti 2018. Skráningum vegna þess er enn ábótavant. Einnig voru skráningar um framleiðslumag og afföll, fóðurnýtingu, innihald köfnunarefnis og fosfórs í fóðri og teikningar af frárennsli ekki aðgengilegar í eftirlitinu.
gr. 3.3 í starfsleyfi	Mælingar skal gera í frárennsli og viðtaka annað hvert ár. Greina skal aukningu svifagna, sbr. gr 2.7, og TOC (eða COD). Svifagnir og COD voru mældar í frárennsli fyrir og eftir hreinsun í janúar 2019 en ekki hefur verið mælt í viðtaka.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Ársyfirliti vegna ársins 2018 var ekki skilað fyrir 1. maí 2019. Grænu bókhaldi var skilað 16.4.19 en skráningar þess voru ekki fullnægjandi til að hægt væri að taka það gilt sem skil ársyfirlits, þrátt fyrir frávik sama

efnis í eftirliti 2018.

gr. 3.5 í starfsleyfi

Ársyfirliti vegna ársins 2019 var ekki skilað fyrir 1. maí 2020. Grænu bókhaldi var skilað 30.4.19 en skráningar þess voru ekki fullnægjandi, til að hægt væri að taka það gilt sem skil ársyfirlits, þrátt fyrir frávík sama efnis í eftirliti 2018.

ÁBENDINGAR

Ábending var gerð þess efnis að þó að olúgeymir á starfstöð væri ekki í notkun skyldi hann og aðbúnaður hans uppfylla kröfur um mengunarvarnir sem gerðar eru í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi um mengunarvarnir. Staðfesting barst 7.janúar sl. á því að geymirinn hefði verið fjarlægður.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, ber rekstraraðilum að halda lóð sinni hreinni og snyrtilegri, og jafnframt er óheimilt að dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti mengun eða lýtum á umhverfinu. Óprífnaður er vegna fyrirkomulags blóðgunar fisks.

Eftirlitsaðili bendir á að niðurstaða mælinga skal berast stofnuninni fyrir 1. apríl sama vetur og sýni eru tekin.

ANNAD

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Farið var yfir áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um skráningar oliugeyma. Rekstraraðili var hvattur til að senda inn skráningar fyrir olúgeymi starfstöðvar sem fyrst, þótt hann væri tómur og ekki í notkun. Staðfesting barst 7.janúar sl. á því að geymirinn hefði verið fjarlægður.

Leiðbeiningar um meðhöndlun fastefnis frá fiskeldi á landi og um tilkynningar mengunaróhappa voru sendar rafrænt í kjölfar eftirlitsins.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 08.01.2021


Hulda Soffía Jónasdóttir